

Úrskurður

Agamál nr. 42/2019-2020

Viðburður:	Leikur ÍA gegn Njarðvík í bikarkeppni 10. flokki karla sem leikinn var að Jaðarbökkum þann 15. janúar 2020
Kærði:	ÍA
Kærendur:	Dómarar leiksins

Málavextir

Aga- og úrskurðanefnd barst atvikaskýrsla dómara eftir framangreindan leik, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál (hér eftir reglugerðin). Í skýrslunni kom fram að í lok leiks átti leikmaður Njarðvíkur tvö vítaskot þegar áhorfandi á bandi heimaliðs kæmi frá áhorfendastúku að endalínunni fyrir framan leikmanninn og lét öllum illum látum svo leikmaðurinn brenndi af víti. Var það mat dómara á þessum tímapunkti að þetta var mjög óeðlileg truflun og vont fyrir alla að hafa ekki náð að stoppa atvikið áður en vítið var tekið. Í framhaldinu var ákveðið að endurtaka vítið. Eftir leikinn átti sér stað alvarlegt atvik. Ungi áhorfandinn sem var valdur af fyrra atvikinu tók sig til og hljóp að varamannabekk Njarðvíkur sem voru að fagna sigri og hrinti einum leikmanni liðsins sem stóð upp á stól og var sá heppinn að slasa sig ekki. Eftir það hélt viðkomandi áfram að ýta við leikmönnum og þjálfara Njarðvíkur þangað til hann var dreginn burtu af formanni ÍA.

Athugasemdir ÍA

Athugasemdir bárust aga- og úrskurðarnefnd bárust frá hinu kærða félagi. Þar kom fram að félagið harmaði mjög þetta atvik sem átti sér stað í lok leiks. Jafnframt var dómurum, leikmönnum, þjálfurum og foreldrum Njarðvíkurliðsins hrósað hvernig þau meðhöndluðu þessar erfiðu aðstæður sem komu upp í lok leiksins. Tekið var fram að sá sem varð valdur að þessu atviki varð strax mjög miður sín eftir að hann áttaði sig á hvað hann hafði gert. Hann ásamt föður sínum höfðu samband við formann KKÍ strax um kvöldið þar sem þeir báðust innilegrar afsökunar á þessu og reyndu einnig að koma þeim skilaboðum áleiðis til leikmanna Njarðvíkur. Tekið var fram að morguninn eftir var fundað með þeim sem var valdur af þessu atviki ásamt leikmönnum sem tóku þátt í leiknum sem og mörgum af þeim sem voru stuðningsmenn ÍA á þessum leik, þar sem farið var vel yfir atvik máls og eftirmáli.

Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar hefur aga- og úrskurðarnefnd fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda KKÍ og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KKÍ.

Í ákvæði h. liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar kemur fram að ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum eða öðrum áhorfendum leiks, er aga- og úrskurðarnefnd heimilt að svipta viðkomandi heimilið heimaleikjum og/eða úrskurða það til greiðslu sektar til Körfuknattleikssambands Íslands að mati nefndarinnar. Ef atvik þykja ekki það alvarleg að svipting leikja verði úrskurðuð, er aga- og úrskurðarnefnd heimilt að áminna viðkomandi félag og/eða gera ábendingar er lúta að tryggara öryggi aðila og dómara. Verði um ítrekuð brot að ræða innan keppnistímabils þrátt fyrir áminningu, og ekki hafi verið orðið við ábendingum aga- og úrskurðarnefndar, skal svipta viðkomandi lið að lágmarki tveimur heimaleikjum. Aga- og úrskurðarnefnd skuli meta heimaliði til málsbóta ef sannað þyki að áhorfendur útiliðs hafi átt upptök að, eða stærstan þátt í, hinni kærðu framkomu. Aga- og úrskurðarnefnd skuli meta heimaliði það til málsbóta, ef öryggisgæsla teljist hafa verið nægjanleg. Þá segir í m. lið sama ákvæðis að ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu, eða áhorfandi gerist sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum sé heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 50.000. Ef brot teljist alvarlegt eða um ítrekun er að ræða sé auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra teljist tryggt. Enn fremur segir í ákvæði 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót að félög beri ábyrgð á því að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Í því felst m.a. að tryggja öryggi leikmanna, dómara og annarra starfsmanna leiksins og áhorfenda.

Aga- og úrskurðarnefnd telur háttsemi viðkomandi áhorfanda í umrætt sinn mjög alvarlega. Slík háttsemi telst að mati nefndarinnar til vítaverðrar og hættulegrar framkomu sem á engan hátt er hluti af leiknum. Er það mat nefndarinnar að hið kærða lið skuli hljóta áminningu vegna hins kærða atviks og greiða sekt til Körfuknattleikssambands Íslands. Hvað varðar heimild til að setja hið kærða lið í heimaleikjabann á grundvelli framangreindra ákvæða telur nefndin að gæta verði meðalhöfs við beitingu svo íþyngjandi úrræðis, þrátt fyrir alvarleika málsins, en einnig telur nefndin að almennt sé rétt að beita þyngri viðurlögum þegar um ítrekun er að ræða. Með vísan til þess sem að framan er rakið hlýtur hið kærða lið áminningu vegna hins kærða atviks og skal greiða sekt að fjárhæð kr. 50.000 til Körfuknattleikssambands Íslands.

Úrskurðarorð

Hið kærða lið, ÍA, sætir áminningu og skal greiða sekt til Körfuknattleikssambands Íslands að fjárhæð kr. 50.000 vegna háttsemi áhorfanda liðsins í leik ÍA gegn Njarðvík í bikarkeppni 10. flokki karla sem leikinn var að Jaðarbökkum þann 15. janúar 2020.

Reykjavík, 21. janúar 2020

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður

Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

María Káradóttir